



Spáum 3,5% verðbólgu í október

Hagstofan birtir októbermælingu vísitölu neysluverðs (VNV) fimmtudaginn 29. október. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,35% hækkun milli mánaða. Gangi spáin eftir verður verðbólgan óbreytt í 3,5%

VNV [hækkaði um 0,39% milli mánaða](#) í september. Mælingin kom ekki á óvart en opinberar spár lágu á bilinu +0,31% til +0,44%. Við höfðum spáð +0,44%.

Helstu undirliðir:


- **Matur og drykkjarvörur** hafa hækkað að meðaltali um 0,8% milli mánaða síðustu 6 mánuði. Við eigum von á að það dragi frekar úr hækkunartaktinum og að þessi liður hækki að jafnaði um 0,4% milli mánaða næstu mánuði.
- Við gerum ráð fyrir að **föt og skór** verði um 6% dýrari í október en í vor, þ.e. áður en sumarútsölnurnar byrjuðu. Skýrist það af því að verslanir eru núna að selja vörur sem keyptar voru á óhagstæðari gengi.
- Við teljum að áhrif húsnæðisverðs á **reiknaða húsaleigu** verði um 0,4 prósentustig til hækkunar og áhrif vaxtabreytinga verði 0,35 prósentustig til lækkunar. Samantekið gerum við því ráð fyrir að reiknuð húsaleiga hækki um 0,05%.
- Eftir að Covid-19 faraldurinn skall á hefur Hagstofan haldið **flugfargjöldum til útlanda** næstum óbreyttum. Við eigum von á að svo verði áfram þar til flug til og frá landinu kemst aftur í eðlilegt horf.

Eigum von á aukinni verðbólgu

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Nón.: +0,31% milli mánaða, 3,7% ársverðbólga
- Des.: +0,24% milli mánaða, 3,8% ársverðbólga
- Jan. : -0,31% milli mánaða, 4,3% ársverðbólga

| | Vægi í VNV | Spá | |
|------------------------------|------------|----------|--------|
| | | Breyting | Áhrif |
| Matur og drykkjarv. | 15,2% | 0,36% | 0,05% |
| Áfengi og tóbak | 2,4% | 0,04% | 0,00% |
| Föt og skór | 3,5% | 4,22% | 0,15% |
| Húsn. án reikn. húsaleigu | 13,9% | 0,28% | 0,04% |
| Reiknuð húsaleiga | 16,3% | 0,05% | 0,01% |
| Húsgögn og heimilisb. | 5,7% | 0,62% | 0,04% |
| Heilsa | 4,3% | 0,51% | 0,02% |
| Ferðir og flutningar (annað) | 4,5% | -0,12% | -0,01% |
| Kaup ökutækja | 6,1% | 0,23% | 0,01% |
| Bensín og díselolía | 3,2% | 0,20% | 0,01% |
| Flugfargjöld til útlanda | 1,4% | -1,00% | -0,01% |
| Póstur og sími | 1,5% | -0,84% | -0,01% |
| Tómst. og menning | 10,1% | 0,25% | 0,03% |
| Menntun | 0,5% | 0,50% | 0,00% |
| Hótel og veitingast. | 5,0% | -0,26% | -0,01% |
| Aðrar vörur og þjónusta | 6,5% | 0,60% | 0,04% |
| Alls | 100,0% | | 0,35% |



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



Vísbendingar um að gengisáhrifin séu að fjara út

Verðbólgan í september var 3,5% borið saman við 1,7% í janúar. Hækkun verðbólgunnar frá því í byrjun árs skýrist fyrst og fremst af hækkun innfluttra vara sem má aftur rekja til veikingar á gengi krónunnar á tímabilinu. Ef gengisveikingin hefði ekki komið til mætti því færa góð rök fyrir því að verðbólga væri undir markmiði að öðru óbreyttu. Hækkun verðlags milli mánaða í vor og sumar var nokkuð meiri en spár gerðu ráð fyrir. Það er vísbending um að gengisáhrifin hafi komið fram með meiri þunga en búast hafði mátt við. Sem dæmi hækkaði matur og drykkur meira en við væntum í öllum mánuðum frá janúar til júlí. Í ágúst og september of spáðum við hækkun á þeim lið og er það vísbending um að gengisveikingin sé öll komin fram í þeim lið. Þróunin á húsgögnum og heimilisbúnaði bendir hins vegar til þess að gengisáhrifin séu enn að koma fram í verði. Hins vegar má gera ráð fyrir að skammt verði að bíða þess að gengisáhrifin verði öll komin fram í undirliðum vísitölunnar.

Helstu óvissuþættir

Helstu óvissuþættir varðandi spá okkar um breytingu milli mánaða í október og bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða eru óbreyttir frá því við birtum spá um breytingu milli mánaða í september fyrir mánuði síðan:


1. Gengi krónunnar

Gjaldeyrismarkaðurinn er óvenju grunnur um þessar mundir, meðal annars vegna samdráttar í utanríkisverslun. Það er því aukin hætta á að gengi krónunnar geti hreyfst hlutfallslega mikið í frekar litlum viðskiptum. Þarna vegur þó á móti að Seðlabankinn hefur verið mjög virkur í inngrípum að undanfögnu í þeim tilgangi að draga úr sveiflum í gengi krónunnar. Í því sambandi hefur hann hafið daglega sölu á gjaldeyri fram til áramóta til þess að dýpka markaðinn. Gengisþróun krónunnar mun áfram verða megináhrifaþáttur á verðbólguþróun hér á landi.


2. Flugfargjöld til útlanda

Núna er flogið til sumra áfangastaða í úrtaki Hagstofunnar en ekki til allra. Við setjum því meiri fyrirvara en vanalega á spá okkar um þróun


Vísitala Neylsuverðs



Verðbólguþróun



Mánaðarbreyting VNV í október





flugfargjalda til útlanda, vegna aukinnar ónákvæmni. Eftirspurn eftir flugi til og frá landinu er öðruvísi núna en síðustu ár sem þýðir að reynsla síðustu ára um þróun flugfargjalda innan árs getur hæglega riðlast. Hafa verður í huga að þetta er liður sem sveiflaðist mikið milli mánaða fyrir Covid-19, en hefur lítil áhrif á þróun verðbólgu til lengri tíma.


3. Húsnæðisverð og áhrif vaxtabreytinga

Vaxtalækkunar virðast hafa ýtt undir verðhækkunir á húsnæði. Við gerum ráð fyrir að sú þróun haldi áfram næstu mánuði, þ.e.a.s. að íbúðaverð hækki áfram milli mánaða. Líklegt er að áhrifa vaxtalækkana til lækkunar verðbólgu muni gæta áfram næstu mánuði þar sem gera má ráð fyrir því að fólk haldi áfram að endurfjármagna íbúðalán á hagstæðari kjörum. Við teljum hins vegar að draga muni úr þessum áhrifum þegar fram í sækir. Um verðþróunina ríkir þó mikil óvissa.

4. Alþjóðleg verðbólga

Útlit er fyrir að verðbólga í helstu viðskiptalöndum okkar verði lág á yfirstandandi ári, sem ætti að hjálpa til við að halda verðbólgu hér á landi í skefjum. Verði raunin önnur mun það að öðru óbreyttu þýða meiri verðbólgu en við gerum ráð fyrir.

Mánaðarbreyting VNV



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.